

## Re: FW: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð

Sæll Þórður Már,

Varðandi fyrirspurn þína um áhrif skógræktar á votlendi og fuglalíf í Ólafsdal hefur Náttúrufræðistofnun farið yfir fyrirhugaða skógrækt og vill koma með eftirfarandi ábendingar og tilmæli:

Skógræktarreitir eru fyrirhugaðir í fjallshlíðum, á lítt grónu landi og hefur að langmestu leyti verið tekið tillit til votlendis á svæðinu. Staðsetning fyrirhugaðrar skógræktar eru talin hafa lítil neikvæð áhrif á flesta vaðfugla innan svæðisins (sjá frekari upplýsingar í: Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162).

Nokkrir skógræktarreitir liggja að votlendisflákum í Ólafsdal. Í greinagerð deiliskipulagsins er óljóst varðandi fyrirhugaða skógrækt hvort alfarið verða notaðar innlendar trjátegundir eða hvort plantað verði lerki og greni utan girðinga. Náttúrufræðistofnun mælist til þess að í kringum votlendi verði settur allt að 100 m „buffer“ til að koma í veg fyrir að trjáræktartegundir berist í votlendið, jafnvel þó að um innlendar trjáplöntur sé að ræða.

Í tengslum við kolefnisbindingu þá telur Náttúrufræðistofnun að skoða ætti möguleika á endurheimt votlendis í stað þess að skipuleggja skógrækt á framræstu túni.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að eggvívlaðka (*Neottia ovata*) sem er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT) hefur fundist á svæðinu. Það eru að vísu gamlar og ónákvæmar staðsetningar en svo virðist vera að fyrirhuguð skógrækt í Bæjarhlíð gæti haft áhrif á vaxtarstað hennar og því þarf að sýna aðgát á því svæði. Hér á landi vex eggvívlaðka einkum í birkiskógum og í jaðri þeirra og því er ekki ákjósanlegt að rækta barrskóg þar sem plantan finnst.

Eins og fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 19. maí s.l. er breyting á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal ekki talin hafa mikil áhrif á náttúrufar, en horft var til þess að í skógrækt yrðu notaðar eingöngu innlendar trjáplöntur bæði innan og utan girðinga. Innfluttar trjátegundir utan girðinga koma til með breyta ásýnd svæðisins og mælist stofnunin eindregið gegn því að notaðar verði slíkar trjáplöntur s.s. virðist vera áform um inni í Hvarfsdal og Kragamel.

Bestu kveðjur,  
Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)